

## Heilbrigðisútgjöld á Íslandi *Health care expenditure in Iceland*

### Samantekt

Árið 2007 námu heildarútgjöld til heilbrigðismála 117,3 milljörðum króna, eða 9,2% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 96,8 milljarðar króna en hlutur einkaaðila 20,5 milljarðar, eða 17,5% af útgjöldunum. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2007 runnu 19% til heilbrigðismála. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa útgjöld til heilbrigðismála lækkað frá árinu 2003 þegar þau námu 10,4% af landsframleiðslu.

Af heilbrigðisútgjöldum 2007 runnu um 57% til þjónustu sjúkrastofnana, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila, um 25% til þjónustu við ferlisjúklinga og riflega 16% til lækninga- og hjúkrunarvara fyrir ferlisjúklinga. Það sem eftir stendur eða 2,5% rann til stjórnunar og annarra heilbrigðispáttu.

Í ritinu eru kynntar meginniðurstöður SHA-flokkunarkerfis<sup>1</sup> heilbrigðisútgjalda sem Hagstofan hefur nýlega tekið upp samhliða hinu hefðbundna COFOG-flokkunarkerfi opinberra útgjalda. Í töflum 8 til 11 er að finna heilbrigðisútgjöld flokkuð eftir fjármögnumunaraðilum, tegund þjónustu og veitendum. Fram kemur m.a. að þjónusta í lækningaskyni tekur til sín 52,7% heilbrigðisútgjalda 2006 eða 56,3 milljarða króna. Þar af eru útgjöld vegna innlagðra í lækningaskyni 27,4 milljarðar króna og vegna ferlisjúklinga 24 milljarðar króna. Þá kemur fram að um 22 milljarðar króna renna til þjónustu vegna langtímahjúkunar eða 20,5% heilbrigðisútgjalda og 17,3 milljarðar til lækninga- og hjúkrunarvara vegna ferlisjúklinga eða riflega 16% heilbrigðisútgjalda.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) voru að meðaltali 9% af landsframleiðslu ríkjanna árið 2005, en mikill munur er á því hlutfalli milli einstakra ríkja. Í Bandaríkjunum var hlutfallið t.d. 15,3% árið 2005 en 6% í Suður-Kóreu það ár. Eftir þessum mælikvarða voru Íslendingar í 10.-11. sæti OECD-ríkjanna með 9,5% af landsframleiðslu til heilbrigðismála 2005.

### Inngangur

Í ritinu eru heilbrigðisútgjöld gerð upp samkvæmt SHA og COFOG stöðlum

Í þessu riti er gefið yfirlit um heilbrigðisútgjöld hér á landi síðustu árin. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir útgjaldapróun málafloksins frá 1980 með tilliti til fjárhæða, hlutfalla og vaxtar að raungildi. Í öðrum kafla er vikið að meginþjónustuflokkum heilbrigðisútgjalda á tímabilinu 1998 til 2007 og í þriðja kafla er farið yfir útgjöld hins opinbera á þessu svíði sama tímabil. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir heilbrigðisútgjöldum einkaaðila og hinum fimmta fyrir nýju flokkunarkerfi heilbrigðisútgjalda, SHA (The System of Health Accounts), og fyrstu niðurstöðum eftir að því var beitt hér á landi. Þá er að finna stuttan erlendan samanburð á megin-

<sup>1</sup> The System of Health Accounts.



hagstærðum heilbrigðisútgjalta milli Íslands og OECD-ríkja í sjötta kafla. Í viðauka 1 eru sýndar meginheimildir um útgjöld til heilbrigðismála hér á landi og í viðauka 2 eru sýndir nokkrir helstu liðir varðandi kaup hins opinbera á sérfræði- og tannlæknabjónustu. Að síðustu er töfluviðauki.


## 1. Próun heilbrigðisútgjalta frá 1980 til 2007

Á aldarfjórðungi hafa útgjöld til heilbrigðismála vaxið úr 6,4% af landsframleiðslu í 9,2%

Heildarútgjöld til heilbrigðismála hafa vaxið verulega síðasta aldarfjórðung eða úr riflega 6,4% af landsframleiðslu í upphafi níunda áratugarins í um 9,2% af landsframleiðslu á síðasta ári. Það samsvarar 117,3 milljörðum króna á verðlagi þess árs (sjá töflu 5 í töfluviðauka, bls. 22–23). Eftir þessum mælikvarða reyndust útgjöldin hæst árið 2003 eða 10,4% af landsframleiðslu.<sup>1</sup>

**Mynd 1. Heilbrigðisútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu 1980–2007**

*Figure 1. Health expenditures as per cent of GDP 1980–2007*



Af heildarútgjöldum til heilbrigðismála greiðir hið opinbera 96,8 milljarða króna og einkaaðilar 20,5 milljarða. Á rúmlega aldarfjórðungi hafa útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks aukist úr 5,5% af landsframleiðslu í 7,6%. Á sama tíma hafa útgjöld heimilanna tvöfaldast, úr 0,8% af landsframleiðslu í 1,6%. Hlutur heimilanna hefur aukist verulega frá 1980 eða úr 12,8% af heildarútgjöldum í 17,5% árið 2007. Hámarki náði hlutur þeirra árið 1998 er hann nam 19,6% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála.

*... og að magni til hafa þau næstum þefaldast*


Til þess að meta vöxt heilbrigðisútgjalta að raungildi frá 1980 er nærtækast að staðvirða heilbrigðisútgjöld hins opinbera með verðvísítolu samneyslu og útgjöld einkaaðila með verðvísítolu heilbrigðisútgjalda einkaneyslunnar. Í byrjun níunda áratugarins voru heilbrigðisútgjöld um 41 milljarður króna á verðlagi 2007 en riflega 117 milljarðar árið 2007. Heilbrigðisþjónustan hefur því nærri þefaldast að magni (um 190% vöxtur) á þessu tímabili.<sup>2</sup> Heilbrigðisútgjöld á mann voru hins vegar um 377 þúsund krónur árið 2007 en 179 þúsund krónur í byrjun níunda áratugarins á verðlagi 2007 og hafa því riflega tvöfaldast (110% vöxtur) síðasta aldarfjórðung. Síðustu sex árin hafa þau þó nánast staðið í stað og verið um 375 þúsund krónur á mann á sama verðlagi.

<sup>1</sup> Í þessu samhengi verður að hafa í huga að hagvöxtur var líttill á árunum 2002 og 2003 en jókst hins vegar verulega á árunum 2004–2007 eða um riflega 25%.

<sup>2</sup> Sjá mynd 2 á næstu síðu og töflu 5 í töfluviðauka, bls. 22–23.

## Mynd 2. Heilbrigðisútgjöld staðvirt á verðlagi 2007

Figure 2. Health expenditure at 2007 prices



## 2. Meginþjónustuflokkar heilbrigðisútgjalfa

Um 57% heilbrigðisútgjalfa renna til sjúkrastofnana, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila

Heilbrigðisútgjöld má sundurliða eftir meginþjónustuflokkum í samræmi við alþjóðastaðla eins og gert er í töflu 1 og töflu 4 í töfluviðauka (bls. 21), en við þá greiningu er stuðst við svokallaða COFOG-flokkun<sup>1</sup> fyrir opinber heilbrigðisútgjöld en aftur COICOP-flokkunina<sup>2</sup> við greiningu á heilbrigðisútgjöldum einka-aðila. Fram kemur að um 57% heilbrigðisútgjalda 2007 renna til þjónustu sjúkrastofnana, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila, og um 25% til þjónustu við ferlisjúklinga. Ríflega 16% eru vegna lækningavara og hjálpartækja fyrir ferlisjúklinga og það sem eftir stendur, 2,5%, rennur til stjórnunar og annarra heilbrigðisþáttta.

## Tafla 1. Heilbrigðisútgjöld á manni á verðlagi 2007

Í þúsundum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
<b>Heilbrigðisútgjöld alls</b>	<b>354,0</b>	<b>352,0</b>	<b>355,7</b>	<b>375,1</b>	<b>376,9</b>	<b>375,3</b>	<b>374,2</b>	<b>371,9</b>	<b>376,7</b>
1. Lækningavörur og hjálpartæki	54,2	57,5	57,4	58,7	60,8	61,6	58,5	58,4	59,6
2. Þjónusta við ferlisjúklinga	81,1	84,8	86,5	87,3	90,6	92,8	92,1	92,5	93,3
3. Þjónusta sjúkrastofnana	208,7	200,0	202,7	217,3	214,1	210,8	212,6	211,5	213,6
4. Forvarnir og alm. heilbrigðispj.	1,9	1,7	1,7	1,7	1,7	1,8	2,2	1,8	2,5
5. Heilbrigðismál, ót.a.s.	8,0	7,9	7,4	10,0	9,7	8,3	8,9	7,7	7,7

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

Árið 2007 runnu 66,5 milljarðar króna til þjónustu sjúkrastofnana, en það samsvarar um 214 þúsund krónum á manni. Árið 1998 var ráðstafað 190 þúsundum á manni til þessarar þjónustu á verðlagi 2007 og er raunhækkunin því um 13% á þessu tíma-bili. Til þjónustu við ferlisjúklinga 2007 runnu rúmlega 29 milljarðar króna eða ríflega 93 þúsund krónur á manni samanborið við ríflega 77 þúsund 1998 sem er um 21% raunhækkun. Til lækningavara og hjálpartækja vegna ferlisjúklinga var ráð-


<sup>1</sup> COFOG stendur fyrir Classification of the Functions of Government og er staðall fyrir flokkun á útgjöldum hins opinbera eftir viðfangsefnum. Sameinuðu þjóðirnar gefa staðalinn út en hann er notaður af alþjóðastofnunum, svo sem OECD, IMF og Eurostat. Sjá: <http://www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun>.

<sup>2</sup> COICOP stendur fyrir Classification of Individual Consumption According to Purpose og er staðall til að flokka einkaneysluútgjöld. Sameinuðu þjóðirnar gefa flokkunina út og er hún notuð af alþjóðastofnunum, svo sem OECD, IMF og Eurostat. Sjá <http://www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun>.

stafað 18,6 milljörðum króna árið 2007 en það samsvarar um 60 þúsund krónum á mann og er raunhækkunin frá 1998 rúmlega 15% (sjá einnig mynd 3).

### Mynd 3. Heilbrigðisútgjöld á mann á verðlagi 2007

Figure 3. Health expenditures per capita at 2007 prices




### 3. Heilbrigðisútgjöld hins opinbera 1998–2007

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera nema um 7,6% af landsframleiðslu 2007

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera má flokka eftir viðfangsefni í samræmi við COFOG-flokkunina eins og gert er í töflu 2 á næstu síðu og töflu 6 í töfluviðauka (bls. 24). Meginniðurstaðan er sú að af 96,8 milljarða króna útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála 2007 renna 68,2% til þjónustu sjúkrastofnana, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila, 18,9% til þjónustu við ferlisjúklinga og 9,8% til kaupa á lækningavörum og hjálpartækjum handa ferlisjúklingum. Það sem eftir stendur, 3,1% útgjaldanna, rennur til stjórnunar og annarrar heilbrigðispjónustu.

### Mynd 4. Heilbrigðisútgjöld hins opinbera 2007

Figure 4. Public health expenditure 2007



*Opinber útgjöld til sjúkrastofnana námu 66 milljörðum króna 2007 eða um 5,2% af landsframleiðslu*

Árið 2007 voru útgjöld hins opinbera til sjúkrastofnana 66 milljarðar króna eða 5,16% af landsframleiðslu og hefur það hlutfall haldist tiltölulega stöðugt síðustu þrjú árin, en hæst varð það árin 2002 og 2003 eða 5,8%. Af útgjöldum til sjúkrastofnana 2007 var hlutur almennra sjúkrahúsa 71,6% en útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana 26,9%. Sú þjónusta hefur tekið til sín um 1,4% af landsframleiðslu síðustu árin. Hrein útgjöld hins opinbera vegna þjónustu sjúkrastofnana námu 212 þúsund krónum á mann árið 2007, sem er svipuð fjárhæð og undanfarin fimm ár, en frá árinu 1998 hafa þau hins vegar hækkað um 13%. Mest er hækjunin á mann vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana, um 37% á tímabilinu en hækjunin á almennum sjúkrahúsum var aðeins um 6%.

**Tafla 2. Heilbrigðisútgjöld hins opinbera 1999–2007**


Slutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
<b>Opinber heilbrigðisútgjöld alls<sup>2</sup></b>	<b>7,91</b>	<b>7,70</b>	<b>7,56</b>	<b>8,31</b>	<b>8,48</b>	<b>8,04</b>	<b>7,68</b>	<b>7,49</b>	<b>7,57</b>
1. Lækningavörur og hjálpartæki	0,86	0,81	0,75	0,81	0,87	0,85	0,74	0,72	0,74
2. Þjónusta við ferlisjúklinga	1,25	1,35	1,36	1,42	1,52	1,51	1,42	1,41	1,43
2.1 Almenn heilsugæsla	0,60	0,65	0,65	0,71	0,78	0,75	0,71	0,73	0,72
2.2 Sérfræðilæknar	0,32	0,35	0,36	0,37	0,37	0,35	0,34	0,32	0,32
2.3 Tannlæknar	0,15	0,14	0,13	0,12	0,13	0,13	0,12	0,11	0,11
2.4 Sjúkra- og iðjuþjálfun o.fl.	0,18	0,21	0,22	0,22	0,24	0,28	0,26	0,26	0,27
3. Sjúkrahúsþjónusta	5,54	5,29	5,23	5,79	5,79	5,43	5,25	5,13	5,16
3.1 Almenn sjúkrahúsþjónusta	4,34	3,99	3,95	4,23	4,32	3,96	3,78	3,67	3,73
3.2 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta	0,05	0,10	0,09	0,07	0,08	0,09	0,08	0,08	0,08
3.4 Hjúkrunarstofnanir	1,15	1,20	1,18	1,48	1,38	1,38	1,38	1,38	1,35
4. Forvarnir og alm. heilbrigðispj.	0,05	0,05	0,04	0,05	0,05	0,05	0,05	0,04	0,06
5. Heilbrigðismál, ót.a.s.	0,20	0,20	0,18	0,25	0,25	0,20	0,21	0,18	0,17

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. <sup>2</sup> Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá.

Útgjöld hins opinbera vegna heilbrigðisþjónustu við ferlisjúklinga námu 18,3 milljörðum króna 2007, eða 1,43% af landsframleiðslu. Þar af voru útgjöld vegna almennrar heilsugæslu 9,2 milljarðar króna, vegna kaupa á sérfræðipjónustu 4,1 milljarður og vegna tannlækninga um 1,4 milljarðar króna. Afgangurinn, um 3,4 milljarðar króna, rann til annarrar ferlipjónustu eins og sjúkra- og iðjuþjálfunar.

**Mynd 5. Ferlipjónusta á mann á verðlagi 2007**

*Figure 5. Out-patient care per capita at 2007 prices*



Við ítarlegri skoðun sést að hlutur almennrar heilsugæslu og þáttur sjúkra- og iðjuþjálfunar hefur vaxið verulega á undanförnum árum. Á árinu 2007 var kostnaður vegna þessara þjónustuliða 40,7 þúsund krónur á mann en aftur 26,2 þúsund krónur á mann á sama verðlagi árið 1998. Raunhækkunin nemur riflega 55% á þessum níu árum og hlutfall af landsframleiðslu hefur hækkað úr 0,7% í 1,0%. Útgjöld hins opinbera til sérfræði- og tannlækna hefur á sama tíma aukist um 6%, úr 16,9 þúsund krónum á mann 1998 í 17,9 þúsund á mann 2007 á verðlagi 2007, en sem hlutfall af landsframleiðslu eru útgjöldin nánast óbreytt eða um 0,44%.<sup>1</sup> Heildarútgjöld til þjónustu við ferlisjúklinga námu 58,6 þúsund krónum á mann árið 2007 en fjárhæðin nam 43,1 þúsund krónum á mann 1998 á verðlagi 2007 (sjá einnig mynd 5).

Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa var 9,5 milljarðar króna 2007, en það samsvarar um 9,8% opinberra útgjalda til heilbrigðismála eða 0,74% af landsframleiðslu. Útgjöld hins opinbera til lyfja- og hjálpartækja á mann námu 30,5 þúsundum króna árið 2007, sem er litlu hærri fjárhæð en rann til þessara viðfangsefna 1998.

Langstærsti hluti heilbrigðisútgjalda hins opinbera er samneysluútgjöld, þ.e. laun og kaup á vörum og þjónustu, en þau nema um 96,4% útgjaldanna. Afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur. Af brúttó samneysluútgjöldum 2006 nam launakostnaður 50,8 milljörðum króna, eða 56,6% útgjaldanna, og kaup á vörum og þjónustu 38,9 milljörðum króna, eða 43,4% (sjá töflu 12 í töfluviðauka, bls. 30).

#### 4. Heilbrigðisútgjöld einkaaðila 1998–2007

*Heilbrigðisútgjöld heimilanna  
námu 20,5 milljörðum króna  
2007 eða 1,6% af  
landsframleiðslu*

Heilbrigðisútgjöld einkaaðila má flokka eftir viðfangsefni eins og gert er í töflu 3 og töflu 7 í töfluviðauka (bls. 25), en við þá greiningu er stuðst við COICOP-flokkunina sem er alþjóðlegt flokkunarkerfi einkaneysluútgjalda. Meginniðurstafaðan er sú að af þeim 20,5 milljörðum króna sem einkaaðilar ráðstöfudu til heilbrigðisþjónustu árið 2007 runnu um 10,8 milljarðar króna til ferliþjónustu, eða 52,7% útgjaldanna, og 9,1 milljarður króna til lækningavara og hjálpartækja, eða 44,3%. Afgangurinn, 3,0%, rann til þjónustu sjúkrastofnana og annarrar heilbrigðisþjónustu (sjá einnig mynd 6).

**Tafla 3. Heilbrigðisútgjöld einkaaðila 1999–2007**

Hlutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
<b>Heilbrigðisútgjöld einkaaðila alls</b>	<b>1,72</b>	<b>1,80</b>	<b>1,78</b>	<b>1,84</b>	<b>1,90</b>	<b>1,86</b>	<b>1,76</b>	<b>1,65</b>	<b>1,60</b>
1. Lækningavörur og hjálpartæki	0,70	0,82	0,81	0,87	0,91	0,86	0,80	0,75	0,71
1.1 Lyf	0,45	0,56	0,56	0,61	0,63	0,60	0,52	0,48	0,44
1.2 Aðrar lækningavörur og tæki	0,25	0,25	0,25	0,26	0,28	0,27	0,28	0,28	0,27
2. Þjónusta við ferlisjúklinga	0,97	0,93	0,91	0,92	0,94	0,94	0,91	0,85	0,84
2.1 Heilsugæsla og sérfræðingar	0,32	0,31	0,29	0,29	0,30	0,31	0,29	0,27	0,26
2.3 Tannlæknar	0,52	0,49	0,50	0,50	0,51	0,49	0,48	0,46	0,46
2.4 Sjúkra- og iðjuþjálfun o.fl.	0,13	0,13	0,12	0,13	0,13	0,14	0,13	0,12	0,12
3. Sjúkrahúsaþjónusta	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04
5. Heilbrigðismál, ót.a.s.	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01


<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

<sup>1</sup> Í viðauka 2 er fjallað ítarlegar um ýmsar hagstærðir sem snúa að kaupum hins opinbera á þjónustu sérfræðinga og tannlækna.

Útgjöld einkaaðila vegna þjónustu við ferlisjúklinga hafa nánast staðið í stað frá árinu 1998 og verið um 34 þúsund krónur á mann árlega á verðlagi 2007. Af þeirri fjárhæð er 10,8 þúsund krónum ráðstafað vegna heilsugæslu- og sérfræðipjónustu og 18,9 þúsund krónum vegna tannlæknabjónustu. Afgangurinn, um 5 þúsund krónur, rennur til annarrar ferliþjónustu eins og sjúkra- og iðjuþjálfunar.

### Mynd 6. Heilbrigðisútgjöld einkaaðila 2007

Figure 6. Private health expenditure 2007



Upplýsingar um útgjöld einkaaðila vegna lækningavara sýna að þau hafa aukist all-nokkuð í magni á umræddu tímabili, en árið 1998 námu þau 22,3 þúsund krónum á mann á verðlagi 2007 en voru 29,1 þúsund krónur 2007. Magnaukningin er því rif-lega 30% frá 1998. Af útgjöldum einkaaðila 2007 runnu 18 þúsund krónur á mann til lyfjakaupa en rúmlega 11 þúsund krónur á mann til annarra lækningavara og tækja.

## 5. Nýtt uppgjör heilbrigðisútgjalda (SHA-reikningar) 2003–2006

*Heildarútgjöld til heilbrigðismála eru þau sömu samkvæmt SHA-reikningum og COFOG-flokkun*

Á undanförnum árum hefur Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) í samráði við bæði Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) þróað nýtt flokkunarkerfi fyrir heilbrigðisútgjöld sem nefnist System of Health Accounts (SHA). Í flokkunarkerfinu er sundurliðun útgjalda samræmd og ítarlegri og er því sérstaklega ætlað að auðvelda samanburð milli landa. Hagstofa Íslands ákvað að taka þetta kerfi í notkun og fylgja þar með fordæmi flestra aðildarríkja OECD. Aðlögun útgjalda að flokkunarkerfinu er umfangsmikið verkefni og nauðsynlegt að vinna að því í samstarfi við sérfræðistofnanir á sviði tölfraði, heilbrigðismála og fjármála. Sett var á laggirnar samstarfsnefnd sem er vettvangur fyrir samstarf Hagstofu Íslands, heilbrigðismálaráðuneytisins, landlæknisembættisins og fjármálaráðuneytisins um verkefnið svo að tryggja mætti að öflun, flokkun og úrvinnsla á upplýsingum um heilbrigðisútgjöld hér á landi væri sem best og í samræmi við alþjóðlega SHA-flokkunarkerfið.

Í hinni hefðbundnu COFOG-flokkun, sem nær til allra útgjalda hins opinbera, hefur áhersla verið lögð á útgjaldaflokkun miðað við meginviðfangsefni viðkomandi efnahagslegrar einingar (fjárlagaliðar), en ekki hefur verið gerð tilraun til að flokka einstakar einingar eftir mörgum viðfangsefnum nema í undantekningartilvikum. Sjúkrahús eins og Landspítalinn er til dæmis felldur í einu lagi undir COFOG-undirflokkinn „almenn sjúkrahúsþjónusta“ (7.3.1). Í SHA-flokkunarkerfinu, sem

nær einungis til heilbrigðisútgjalfa, er aftur á móti reynt að brjóta einstakar einingar upp og skipta niður á mismunandi viðfangsefni eftir því sem við á. Útgjöld Landspítalans eru til dæmis flokkuð eftir þjónustu í lækningaskyni, endurhæfingu og langtímahjúkrun og einnig eftir legu-, dagdeildar- og göngudeildarþjónustu. Af þessu má ljóst vera að innbyrðis flokkun heilbrigðisútgjalfa verður mjög mismunandi með þessum tveimur aðferðum.

Til að koma í veg fyrir mismunandi niðurstöðu um heildarútgjöld hins opinbera til heilbrigðismála var þess gætt að flokkun heilbrigðisútgjalfa samkvæmt COFOG-flokkuninni væri í samræmi við SHA-flokkunina. Með öðrum orðum, ef nauðsynlegt var að greina starfsemi stofnunar (fjárlagaliðar) eftir fleiri liðum en heilbrigðismálum, eins og krafist er samkvæmt SHA-flokkuninni, þá var það einnig gert við COFOG-flokkunina. Til dæmis er starfsemi dvalar- og hjúkrunarheimila greind sem heilbrigðismál annars vegar og félagsmál hins vegar. Í COFOG-flokkuninni hefði verið hægt að fella alla starfsemina undir heilbrigðismál eða félagsmál eftir því hvar meirihluti starfseminnar var, en það var ekki gert til að halda samræminu við aðferðarfræði SHA-flokkunarinnar.

Hér á eftir verða meginniðurstöður hins nýja SHA-flokkunarkerfis heilbrigðisútgjalfa kynntar, en þær víkja nokkuð frá niðurstöðum COFOG-flokkunarinnar. Við undirbúning og vinnslu SHA-reikninga hefur þess verið gætt að samræmi ríki milli heildarniðurstöðu flokkunarkerfanna og að enginn munur sé á heildarútgjöldum samkvæmt þeim þótt einstakir útgjaldaflokkar verði mismunandi, eins og getið var um hér að framan. Árið 2006 reyndust heildarútgjöld til heilbrigðismála samkvæmt báðum flokkunarkerfunum 106,7 milljarðar króna eða riflega 9,1% af landsframleiðslu.

Heilbrigðisþjónustan (heilbrigðisútgjöld) er flokkuð með þrennum hætti samkvæmt SHA-staðlinum. Í fyrsta lagi eftir veitendum, í öðru lagi eftir tegund og í þriðja lagi eftir fjármögnunaraðilum. Heilbrigðisþjónustan er einnig flokkuð eftir rekstrarumgjörð. Hagstofa Íslands hóf söfnun talnaefnis og talnavinnslu í samræmi við forskrift staðalsins í árslok 2006 og birtast fyrstu niðurstöður hennar í töflum 8 til 11 í töfluviðauka (bls. 26–29) og ná yfir árin 2003–2006.


### Fjármögnun heilbrigðisútgjalfa

Upplýsingar um fjármögnunaraðila heilbrigðisútgjalfa 2003–2006 koma fram í töflu 8 í töfluviðauka (bls. 26). Hið opinbera (ríki, sveitarfélög og almannatryggings) fjármagnar 82% útgjaldanna 2006 en einkaaðilar 18%. Stærsti hlutinn er því hjá ríkissjóði og almannatryggingum, en útgjöld sveitarfélaga til heilbrigðismála eru einungis um 0,8% af heildarútgjöldum. Heilbrigðisútgjöld almannatrygginga falla að langstærstum hluta undir sjúkratryggingar sem eru fjármagnaðar af ríkissjóði með fjárfamlögum (e. grants). Í SHA-uppgjörinu er hins vegar litið svo á að almannatryggingar séu fjármögnunaraðili þeirra greiðslna vegna þess að þær eru endanlegur greiðandi til þriðja aðila. Niðurstaðan er því sú að ríkissjóður fjármagnar rúmlega 53,7% heilbrigðisútgjalfa 2006, almannatryggingar 27,4% og að samanlögð fjármögnun opinberra aðila er 82% af heild eins og áður segir.

Heildarfjárfesting í heilbrigðismálum nam 2,9% af heildarútgjöldum til þess málaflokks árið 2006 eða riflega 3,1 milljarði króna. Þar af var fjárfesting hins opinbera 1.757 milljónir króna eða 1,6% af fjármögnun hins opinbera og fjárfesting einkaaðila 1.360 milljónir króna.

**Mynd 7. Fjármögnunaraðilar heilbrigðisútgjalfa, %**

Figure 7. Health expenditure financing, %



### Tegundir heilbrigðisþjónustu

Samkvæmt SHA-staðlinum er heilbrigðisþjónustunni skipt í sjö meginflokkka eftir tegund (sjá einnig töflu 9 í töfluviðauka, bls. 27). Þessir flokkar eru:

1. Þjónusta í lækningaskyni (e. *curative care*)
2. Endurhæfing (e. *rehabilitative care*)
3. Langtímahjúkrun (e. *long-term nursing care*)
4. Stoðþjónusta (e. *ancillary health care*)
5. Lækninga- og hjúkrunarvörur fyrir ferlisjúklinga (e. *medical goods*)
6. Forvarnir (e. *prevention*)
7. Stjórnsýsla í heilbrigðismálum (e. *health administration*)

Umfangsmesti flokkurinn er þjónusta í lækningaskyni, en 52,7% heilbrigðisútgjalda runnu til þeirrar þjónustu 2006 eða 56,3 milljarðar króna. Af þjónustu í lækningaskyni er hlutur innlagðra 48,7% af heild eða 27,4 milljarðar króna og ferlisjúklinga 42,6% eða 24 milljarðar króna. Afgangurinn skiptist á þjónustu á dagdeild í lækningaskyni (7,1%) og heimaþjónustu (1,8%).

Annar stærsti flokkur heilbrigðisútgjalda er langtímahjúkrun. Til hennar runnu 21,9 milljarðar króna árið 2006 eða 20,5% heilbrigðisútgjalda, en langtímahjúkrun er bæði inni á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum. Priðji stærsti flokkurinn að umfangi er lækninga- og hjúkrunarvörur fyrir ferlisjúklinga, en 16,2% heilbrigðisútgjalda runnu til hans eða 17,3 milljarðar króna.

Þar á eftir koma útgjöld vegna endurhæfingar, en til málafloksins var ráðstafað um 5,6 milljörðum króna 2006 eða 5,2% heilbrigðisútgjalda. Þar af er hlutur endurhæfingar innlagðra 2% og endurhæfingar í ferlipjónustu 2,6%, en afgangurinn (0,9%) er endurhæfing á dagdeildum. Við úrvinnsluna hafa komið að góðu gagni athuganir Landspítalans á þessum þáttum á árunum 2003 til 2005 en sú vinna hefur farið fram í samstarfi við Hagstofuna.

Til stoðþjónustu 2006 runnu 2,1% heilbrigðisútgjalda eða 2,2 milljarðar króna og til stjórnsýslu 1,7% af heild eða riflega 1,8 milljarðar króna. Að lokum runnu 1,5% til forvarna eða 1,6 milljarðar króna.

## **Heilbrigðisþjónusta flokkuð eftir umgjörð hennar**

Samkvæmt SHA-staðlinum má einnig flokka heilbrigðisþjónustu (heilbrigðisútgjöld) eftir umgjörðinni, þ.e. hvort hún sé í formi innlagnar, ferlipjónustu, heimaþjónustu eða af öðrum toga eins og sjá má af eftirfarandi flokkun (sjá einnig töflu 10 í töfluviðauka, bls. 28):

1. Þjónusta við innlagða (e. *in-patient care*)
2. Dagdeildarþjónusta (e. *services of day-care*)
3. Þjónusta við ferlisjúklinga (e. *out-patient care*)
4. Heimaþjónusta (e. *home care*)
5. Stoðþjónusta (e. *ancillary services to health care*)
6. Lækninga- og hjúkrunarvörur fyrir ferlisjúklinga (e. *medical goods*)
7. Forvarnir (e. *prevention*)
8. Stjórnsýsla í heilbrigðismálum (e. *health administration*)

Þessi flokkun leiðir í ljós að tæplega helmingur heilbrigðisútgjalda eða 47,4% er vegna þjónustu við innlagða. Af þjónustu við innlagða er 54,2% vegna innlagðra í lækningaskyni, 41,5% vegna langtímahjúkunar og 4,3% vegna endurhæfingar.

Heilbrigðisútgjöld við ferlipjónustu, bæði í lækningaskyni og vegna endurhæfingar, eru 25% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála og útgjöld vegna lækninga- og hjúkrunarvara og hjálpartækja vegna ferlisjúklinga 16,2%, og þar vega lyfseðil-skyld lyf um helming.

Heilbrigðisútgjöld vegna þjónustu á dagdeildum nema 5,2% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála. Hlutur heimahjúkrunar er hins vegar aðeins 0,9% af heilbrigðisútgjöldum alls. Líklega er hér um vanmat að ræða því að erfitt er að aðgreina heimahjúkrun og aðra starfsemi heilsugæslunnar.

## **Heilbrigðisútgjöld flokkuð eftir veitendum þjónustunnar**

Samkvæmt forskrift SHA-staðalsins má flokka heilbrigðisþjónustuna eftir því hver veitir hana með eftirfarandi hætti (sjá einnig töflu 11 í töfluviðauka, bls. 29):

1. Sjúkrahús (e. *hospitals*)
2. Hjúkrunarheimili (e. *nursing and residential care facilities*)
3. Veitendur ferlipjónustu (e. *providers of ambulatory health care*)
4. Smásalar og aðrir sem útvega lækninga- og hjúkrunarvörur<sup>1</sup>
5. Lýðheilsu- og forvarnarverkefni<sup>2</sup>
6. Stjórnsýsla heilbrigðis- og tryggingamála (e. *health adm. and insurance*)
7. Aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu (e. *all other industries*)
8. Aðrir (e. *others*)

Árið 2006 veita sjúkrahúsin 45,8% af heilbrigðisþjónustu landsins, hjúkrunarheimilin 13,5% og ferlipjónustan utan sjúkrahúsa 25,6%. Af ferlipjónustu utan sjúkrahúsa veita læknastofur 15,4%, tannlæknar 6,0% og önnur ferlipjónusta nemur 4,2%. Hlutur smásala og annarra sem útvega lækninga- og hjúkrunarvörur (þ.m.t. lyf) er 13,1% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála.

---

<sup>1</sup> Retail sale and other providers of medical goods.

<sup>2</sup> Provision and administration of public health programmers.

Sjúkrahúsin eru langstærsti veitandi heilbrigðisþjónustu, en til þeirra renna 45,8% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála, að stærstum hluta til almennra sjúkrahúsa. Geðsjúkrahús og sjúkrahús fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur hafa ekki verið að greind hér sérstaklega.

Hjúkrunarstofnanir (-heimili) taka til sín 13,5% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála. Hér er rétt að áréttu að öldrunarþjónusta sem veitt er á öldrunar- eða hjúkrunarheimilum er ekki talin með heilbrigðismálum, heldur velferðarmálum samkvæmt skilgreiningu COFOG-flokkunarkerfisins. Einnig ber að nefna að sjúkrahús á landsbyggðinni sinna í ríkum mæli hjúkrun við aldraða ásamt hjúkrunarheimilunum.

Veitendur ferliþjónustu eru fyrst og fremst heimilis-, sérfræði- og tannlæknar, en 25,6% af heilbrigðisútgjöldum renna til þessarar þjónustu. Þar af renna um 60% til heimilis- og sérfræðilækna og riflega 23% til tannlækna. Afgangurinn eða 16,4% rennur til annarra þjónustuaðila í ferliþjónustu.

Smásalar og aðrir sem útvega lækninga- og hjúkrunarvörur fá í sinn hlut 13,1% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála, stærstur hluti rennur til lyfsölu.


## 6. Erlendur samanburður

Heildarútgjöld til heilbrigðismála í ríkjum OECD voru að meðaltali 9% af vergri landsframleiðslu ríkjanna árið 2005, en mikill munur er á því hlutfalli milli einstakra ríkja. Í Bandaríkjunum var hlutfallið til dæmis 15,3% árið 2005 en 6% í Suður-Kóreu. Hér á landi voru heildarútgjöld til heilbrigðismála 9,5% af vergri landsframleiðslu árið 2005, 10,4% árið 2004 og 9,2% árið 2007. Norðmenn, Svíar og Danir vörðu hins vegar 9,1% af vergri landsframleiðslu til heilbrigðismála árið 2005, en Frakkar aftur á móti 11,1% og Þjóðverjar 10,7%. Á þennan mælikvarða voru Íslendingar í 10.–11. sæti OECD-ríkjanna (sjá töflu 13 í töfluviðauka, bls. 31).


Hérlandis er meginhluti útgjalda til heilbrigðismála fjármagnaður af hinu opinbera eða 81,4% árið 2005, en það samsvarar 7,7% af vergri landsframleiðslu. Á hinum Norðurlöndunum var hlutur hins opinbera lítið eitt hærri, eða 84–85%, að Finlandi undanskildu þar sem hlutfallið var 78%. Í Lúxemborg er þetta hlutfall hæst (91%) en lægst í Bandaríkjunum (45%).

Eins og fram kemur í töflu 13 í töfluviðauka og mynd 9 hefur vöxtur heilbrigðisútgjalda verið mjög ör í flestum aðildarríkjum OECD síðasta aldarfjórðung. Að meðaltali runnu um 6,6% af landsframleiðslu ríkjanna til málafloksins í byrjun níunda áratugarins en aftur á móti 9% á miðjum þessum áratug. Síðustu árin hefur vöxturinn verið einna mestur í Lúxemborg, Belgíu og Suður-Kóreu, en einna minnstur hér á landi, Austurríki og Hollandi. (Sjá einnig Health at a Glance 2007, OECD.)

**Mynd 8. Heilbrigðisútgjöld OECD-ríkja sem hlutfall af VLF 2005**  
*Figure 8. Health expenditure in OECD countries as percent of GDP in 2005*



**Mynd 9. Heilbrigðisútgjöld nokkurra OECD-ríkja sem hlutfall af VLF 2005**  
*Figure 9. Health expenditure in selected OECD countries as percent of GDP in 2005*



## Viðauki 1: Meginheimildir við skýrslugerð um heilbrigðisútgjöld

### Heilbrigðisútgjöld ríkissjóðs

Eins og fram hefur komið eru opinber heilbrigðisútgjöld að mestu fjármögnuð af ríkissjóði eða yfir 99% útgjaldanna. Í tekju- og útgjaldauppgjöri hins opinbera er hins vegar litið svo á, þar sem almannatryggingar (á sviði sjúkratrygginga) er endanlegur greiðandi til þriðja aðila, að þær séu fjármögnunaraðili þeirra greiðslna, enda þótt ríkissjóður fjármagni almannatryggingar með fjárfamlögum (e. grants). Niðurstaðan er því sú þegar endanleg útgjöld til heilbrigðismála eru skoðuð að ríkissjóður fjármagnar um tvo þriðju hluta opinberra útgjaldra og almannatryggingar einn þriðja.

Til skýringar verður í þessum viðauka farið yfir þá útgjaldaliði ríkissjóðs sem falla undir heilbrigðismál. Að hluta mynda þeir liðir, auk upplýsinga frá almannatryggingum, þann gagnagrunn sem flokkunarkerfi heilbrigðismála byggir á.

Í töflu V.1 hér að neðan eru heilbrigðisútgjöld ríkissjóðs 2006 flokkuð eftir meginviðfangsefnum COFOG-flokkunarkerfisins. Fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna og sömuleiðis hlutur hvers viðfangsefnis af heild.

**Tafla V.1 Heilbrigðisútgjöld ríkissjóðs 2006<sup>1</sup>**

COFOG-flokkun	Þúsundir króna	%
<b>07 Heilbrigðisútgjöld ríkissjóðs alls</b>	<b>85.676.405</b>	<b>100,00</b>
0711 Lyf	6.703.123	7,82
0713 Hjálpartæki	1.736.921	2,03
0721 Almenn heilsugæsla	8.428.920	9,84
0722 Sérfræðilæknar	3.672.298	4,29
0723 Tannlæknar	1.248.603	1,46
0724 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun og fleira	2.688.767	3,14
0731 Almenn sjúkrahúsajónusta	42.164.437	49,21
0732 Sérhæfð sjúkrahúsajónusta	875.970	1,02
0734 Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	16.088.960	18,78
0740 Almenn heilbrigðisþjónusta	573.754	0,67
0750 Rannsóknir og þróun í heilbrigðismálum	56.100	0,07
0760 Heilbrigðismál, ótilgreind annars staðar	1.438.552	1,68

<sup>1</sup> Samkvæmt ríkisreikningi.

Í töflu V.2 koma fram frekari upplýsingar um útgjöld ríkissjóðs til lyfja, hjálpartækja og almennrar heilsugæslu, en þar sést að lyfjakostnaður ríkissjóðs er allur fólginn í framlögum til sjúkratrygginga. Sama á við um útgjöld hans vegna hjálpartækja, en til viðbótar kemur þó niðurgreiðsla ríkissjóðs á heyrnar- og talmeinatækjum. Undir almenna heilsugæslu falla öll útgjöld ríkissjóðs vegna heilsugæslustöðva í landinu og sömuleiðis allur kostnaður vegna heilsugæslu-þjónustu innan heilbrigðisstofnana, en þær eru 13 alls. Til viðbótar koma útgjöld vegna samninga við Akureyrarbæ og Hornafjörð um heilsugæslu og sömuleiðis vegna heilsugæslu-þjónustu Sankti Franciskuspítala í Stykkishólmi. Að lokum telst hér með sérstakur útgjaldaliður vegna hjúkrunar í heimahúsum. Undir meginviðfangsefnum í töflunni er sýnd hlutdeild í heildarútgjöldum ríkissjóðs til heilbrigðismála, en aftur í undirliðum hvers meginviðfangsefnis er sýnd hlutdeild þeirra af viðfangsefninu. Þannig vegur heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu 45,6% af almennri heilsugæslu og tekur til sín 3.843 milljónir króna af 8.428 milljónum króna útgjöldum til almennrar heilsugæslu árið 2006.

**Tafla V.2 Útgjöld til lyfja, hjálpartækja og almennrar heilsugæslu 2006**

COFOG-flokkun	Púsundir króna	%
0711 Lyf	6.703.123	7,82
Sjúkratryggingar	6.703.123	
0713 Hjálpartæki	1.736.921	2,03
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi (heyrar- og talmeinatæki)	9.563	
Sjúkratryggingar	1.727.358	
0721 Almenn heilsugæsla	8.428.920	9,84
Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu	3.853.458	45,72
Heilbrigðisstofnanir (13)	2.796.635	33,18
Heilsugæslustöðvar (8)	733.230	8,70
Heilsugæslustöðvar, almennt	127.130	1,51
Læknavaktin	239.100	2,84
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	413.308	4,90
Samningur við Hornafjörð um heilsugæslu	102.697	1,22
Sankti Franciskuspítali, Stykkishólmí	64.225	0,76
Sjúkratryggingar (heimahjúkrun)	99.137	1,18

Í töflu V.3 koma fram upplýsingar um útgjöld ríkissjóðs vegna sérfræðilækna og tannlækna og annarrar ferliþjónustu eins og sjúkra- og iðjuþjálfunar. Fyrstu tveir útgjaldalidirnir greiðast einvörðungu í gegnum sjúkratryggingar. Undir aðra ferliþjónustu falla útgjöld vegna Heyrnar- og talmeinastöðvar og Sjónstöðvar. Sömu leiðis útgjöld heilbrigðisráðuneytis (ríkissjóðs) vegna málefna fatlaðra (samningur um sjúkraþjálfun), sjúkraflutninga, sjúkrahjálpar og endurhæfingar.

**Tafla V.3 Sérfræðilæknar, tannlæknar, sjúkra- og iðjuþjálfun og fleira 2006**

COFOG-flokkun	Púsundir króna	%
0722 Sérfræðilæknar	3.672.298	4,29
Sjúkratryggingar	3.672.298	
0723 Tannlæknar	1.248.603	1,46
Sjúkratryggingar	1.248.603	
0724 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun og fleira	2.688.767	3,14
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	20.000	0,74
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	196.222	7,30
Málefni fatlaðra	30.732	1,14
Sjónstöð Íslands	115.716	4,30
Sjúkraflutningar	664.066	24,70
Sjúkratryggingar (sjúkrahjálp og endurhæfing)	1.662.031	61,81

Í töflu V.4 eru útgjöld ríkissjóðs vegna þjónustu sjúkrahúsa sýnd. Þar undir falla öll sjúkrahús í landinu og sömuleiðis sjúkraþjónusta heilbrigðisstofnana. Einnig fellur þar undir sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis sem fer í gegnum sjúkratryggingar. Eins og fram kemur í töflunni renna riflega 49% af heilbrigðisútgjöldum ríkissjóðs til þjónustu almennra sjúkrahúsa. Þar af renna um 80% af útgjöldunum til Landspítalans og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Undir sérhæfð sjúkrahús falla annars vegar útgjöld vegna vistunar ósakhæfra af brotamanna og hins vegar útgjöld sjúkratrygginga vegna brýnnar læknisfræðilegrar meðferðar erlendis.

#### Tafla V.4 Útgjöld ríkissjóðs vegna sjúkrahúsa 2006

COFOG-flokkun	Púsundir króna	%
0731 Almenn sjúkrahúsapjónusta	42.164.437	49,21
Landspítali – háskólasjúkrahús	29.986.797	71,12
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	3.566.366	8,46
Heilbrigðisstofnanir (14)	6.950.161	16,48
Bygging háttæknisjúkrahúss	146.666	0,35
Samningur við Hornafjörð um sjúkraþjónustu	50.900	0,12
Sankti Franciskuspítali, Stykkishólmí	263.714	0,63
Sankti Jósefsspítali, Sólvangur	724.854	1,72
Heilbrigðisstofnanir, almennt	347.691	0,82
Sjúkrahús, óskipt	29.984	0,07
Sjúkratryggingar (veikindi og slýs erlendis)	97.305	0,23
0732 Sérhæfð sjúkrahúsapjónusta	875.970	1,02
Vistun ósakhaefra afbrotamanna	182.791	20,87
Sjúkratryggingar (læknisfræðileg meðferð erlendis)	693.179	79,13

Útgjöld ríkissjóðs vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana kemur fram í töflu V.5. Bróðurparturinn af þessum útgjöldum fer til hjúkrunarþjónustu hjúkrunarheimilanna, eða um 85% útgjaldanna, en greiðslur ríkissjóðs vegna öldrunarþjónustu þeirra flokkast með velferðarþjónustu. Þá falla hér undir útgjöld ríkissjóðs vegna Framkvæmdasjóðs aldraðra, Reykjalundar, HHÍ, SÁÁ, Hleinar og MS-félags Íslands. Einnig falla málefni fatlaðra sem snúa að endurhæfingu hér undir, svo og vistunar- og meðferðarheimilið í Krysvík.

#### Tafla V.5 Útgjöld ríkissjóðs vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana 2006

COFOG-flokkun	Púsundir króna	%
0734 Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	16.088.960	18,78
Hjúkrunarheimili (36)	11.698.690	72,71
Samningur við Akureyrarbæ um hjúkrunarþjónustu	748.487	4,65
Samningur við Hornafjörð um hjúkrunarþjónustu	142.864	0,89
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.046.397	6,50
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.108.600	6,89
Heilsustofnun Náttúrulegningafélags Íslands	426.700	2,65
Málefni fatlaðra	189.925	1,18
MS-félag Íslands, Reykjavík	72.721	0,45
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	88.900	0,55
Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann	516.976	3,21
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	48.700	0,30

Að lokum er í töflu V.6 að finna útgjöld ríkissjóðs vegna stjórnunarkostnaðar og almennrar heilbrigðisþjónustu. Undir heilbrigðismál ótilgreind annars staðar falla helstu stjórnsýslustofnanir sem að heilbrigðismálum koma eins og heilbrigðisráðuneytið (aðalskrifstofa), Geislavarnir, Lyfjastofnun og Landlæknir. Þá falla undir þennan lið ýmis útgjöld sem ekki er unnt að flokka undir önnur viðfangsefni. Framlag ríkissjóðs til Hjartaverndar fellur undir rannsóknakostnað og útgjöld ríkissjóðs vegna Krabbameinsfélags Íslands og LÝðheilsustöðvar falla undir almenna heilbrigðisþjónustu.

**Tafla V.6 Útgjöld vegna rannsókna, stjórnunar og fleira 2006**

COFOG-flokkun	Púsundir króna	%
0740 Almenn heilbrigðisþjónusta	573.754	0,67
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	289.500	50,46
Lýðheilsstöð	281.704	49,10
Ýmislegt	2.550	0,44
0750 Rannsóknir og þróun í heilbrigðismálum	56.100	0,07
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	56.100	
0760 Heilbrigðismál ótilgreind annars staðar	1.438.552	1,68
Geislavarnir ríkisins	67.039	4,66
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	458.646	31,88
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	331.328	23,03
Íslenska upplýsingasamfélagið	546	0,04
Landlæknir	218.802	15,21
Lyfjastofnun	203.373	14,14
Sjúkratryggingar	158.818	11,04

